

10. fundur afréttamálanefndar Hrunamannahrepps

10. fundur afréttarmálanefndar var haldinn 2. febrúar 2026 í ráðhúsi Hrunamannahrepps kl. 13:00. Á fundinn mættu Björgvin Ólafsson, Þórmundur Smári Hilmarsson, Kristín Magnúsdóttir og Atli Geir Scheving. Einnig sat fundinn Jón Bjarnason oddviti.

Dagskrá fundarins:

1. Eiríksskáli.
Nefndin lýsir yfir mikilli ánægju yfir nýjum skála í Svínárnesi. Eiríksskáli mun nýtast vel og verða afréttinum til betrunar. Vonast nefndin til þess að nýting og umferð ferðahópa muni aukast með tilkomu skálans og þeirrar aðstöðu sem þar býðst. Nefndin leggur ríka áherslu að klára byggingu skálans með öllum frágangi sem þarf að vera. Enn vantar kamínu, gólfefni, áfellur á stökum stað, frágang á baðherbergjum og klára raf- og pípulagnir.
2. Nýtt gerði við Svínárnes
Vegna fyrirkomulags fjallferðar þarf að girða nýtt gerði sem hýsir safnið við Svínárnes. Gerðið kæmi í stað fjárgerðisins í Stangarárbotnum. Lagt er upp með að nýtingaraðilar afréttarins sjáum vinnubátt við framkvæmdina en sveitarfélagið leggi til efnið. Áætla má að efniskostnaður sé um 250 þús.kr..
3. Reglugerð um riðuveiki
Björgvin fór yfir nýja reglugerð um útrýmingu á riðuveiki. Reglugerðin hefur áhrif á okkar svæði með tilliti til kaup og sölu á sauðfé. En einnig væntir nefndin til að línubrjótar sem komið hafa fram á Biskupstungnaafrétti þurfi ekki að fara sína leið eins og verið hefur heldur til sín heima. Björgvin fylgir málinu eftir við Matvælastofnun.
4. Fjallskilagjald
Oddviti kynnti tillögu að breytingu á á fjallskilagjaldi. Lagt er til að fella niður gjald á landverð og einungis verði rukkað gjald á þá aðila sem nýta afréttinn hverju sinni. Ljóst er að með tilkomu nýrra samninga um lóðir á afréttinum koma umtalsverðar tekjur en einnig er breytt nýting lands í sveitarfélaginu orðin sú að sífellt fjölgar þeim sem eiga landskika sem seint og sennilega aldrei verður nýttur fyrir hefðbundin búskap vegna þess hversu litlar lóðirnar eru. Nefndin tekur jákvætt í breytingarnar og telur líklegt að þeir aðilar sem nú nýta afréttinn hugnist þær.
Lagt er til að gjald per vetrarfóðraða kind hækki úr 113 kr. í 220 kr. á þá aðila sem nýta afréttinn. En með þessum breytingum er það gjald sem innheimt er af nýtingaraðilum afréttarins í svipaðri upphæð og hefur verið undanfarin ár. Það gjald sem hefur verið innheimt af öðrum sem ekki nýta afréttinn fellur niður.
13 bæir nýttu sér upprekstrarrétt á afréttinn í fyrr og hefur verið svipað á undangengnum árum. Nefndin áréttar að þeir aðilar sem nýta afréttinn sjá alfarið um að smala afréttinn á sinn kostnað og einnig um Heiðasmalamennskur sem sveitarfélaginu er skylt að smala í samfloti við hagaðila Hrunaheiða. Vonast nefndin til að sátt muni ríkja um fyrirkomulagið og áfram verði nýtingin og samstarfið með sambærilegum hætti.

Fundi slitið kl. 14:16



Björgvin Ólafsson
Kristín Magnúsdóttir

Atli Geir Scheving
Þórmundur S. H.